

## Ólöglegt að skerða kjarasamningsbundin kjör

Stjórn BSRB varar við einhliða ákvörðunum stjórnenda fyrirtækja og stofnana um að lækka kjarasamningsbundin laun og skerða kjör til að mæta þverrandi tekjum. Ólöglegt er með öllu að skerða kjarasamningsbundin kjör starfsmanna. Engar almennar ákvarðanir um breytingar á kjörum starfsfólks, þar með talið starfshlutfall, á að taka án vitundar og samráðs við starfsfólk og stéttarfélag þess. Stjórn BSRB ítrekar ályktun aðalfundar BSRB frá 8. desember þar sem segir m.a.:

„Ráðstafanir stjórnvalda beinast enn sem komið er meira og minna að því að koma byrðunum yfir á almennt launafólk og fráleitt að réttlæta launalækkun og frekari skerðingar á þess kostnað. Þegar hefur almennt launafólk orðið fyrir verulegri kjaraskerðingu af völdum fjármálahrunsins. Enn bólar ekki á neinum ráðstöfunum til að bæta kjör þeirra sem minnst hafa og verst þola áföllin. Þvert á móti hefur verið boðaður niðurskurður í velferðarkerfinu og er hans þegar farið að gæta. Á tímum samdráttar og erfiðleika á að efla velferðarþjónustuna en ekki veikja hana enda er hún í senn öryggisnet og til þess fallin að jafna aðstöðu fólks.“